

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga  
nr. 159 20. sept. 1962.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Frestur til uppsagnar kjarasamnings og framlagningar tillagna um nýjan samning framlengist til 1. júlí 1965.
2. Frestur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 11. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 15. september 1965.
3. Frestur aðila samkvæmt 1. mgr. 13. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir, framlengist til 15. október 1965.
4. Frestur Kjaradóms samkvæmt síðara málslið 14. gr., til að leggja dóm á ágreiningsfni framlengist til 15. desember 1965.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1965.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

7. maí 1965.

Nr. 108.

**SAMÞYKKT**

um breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Kópavogskaupstað  
nr. 16 frá 15. febrúar 1958.

1. gr.

Í XIV. kafla komi ný grein er verði 81. gr. svo hljóðandi:

81. gr.

Þrátt fyrir ákvæði þau, sem að framan greinir um verzlunarhúsnæði, getur heilbrigðisnefnd leyft vörusölu úr ökutækjum að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

- 1) Leyfið veitist til eins árs í senn.
- 2) Aðeins má geyma og selja innpakkaða vöru í söluökutæki. Umbúnaði og geymslu á varningi óskyldum neytluvörum skal jafnan hagað þannig, að hann spilli ekki neytluvörunum.

Daunillar eða óþrifalegar vörutegundir má ekki selja í ökutækinu.

- 3) Rými fyrir matvæli skal vera hentugt og fullnægja sanngjörnum hreinlætiskröfum. Í því sambandi skal sérstaklega tekið fram eftirfarandi: veggir, loft, gólf og skilrúm, ef einhver eru, skulu vera áferðarslétt svo hreingerning sé auðveld og klædd ryðfríum plötum eða öðru jafnhentugu efni, sem raki kemst ekki í gegnum, og skal flöturinn vera í ljósum lit. Dyr og op skulu vera með þéttlistum til varnar ryki. Þar sem loftræstingarútbúnaður er, skal vera loftsía, sem skipta má um og þannig gengið frá, að yfirþrýstingur sé í matvælarýminu.

- 4) Innréttingar í matvælarýminu, svo sem hillur, afgreiðsluborð, bakkar fyrir brauð og annað þvilíkt, skulu vera þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum og þess vegna getur verið nauðsynlegt, að sumir hlutar innréttinga séu færnanlegir.
- 5) Í ökutækinu skal vera góð aðstaða til handþvotta. Handlauginni skal komið fyrir á aðgengilegum stað, og sé hún í sjálfu matvælarýminu, skal vera hlíf í kringum hana. Vatnið skal geyma í föstum geymi, sem tekur a. m. k. 10 l og skal honum komið fyrir þar sem ekki er frosthætta.
- 6) Ökutæki, sem ætlað er til sölu á kjötvörum og kjötafurðum, fiski, smjöri og smjörlíki skal vera búið kælitækjum, sem tryggja, að hitastigið í því rými, sem ætlað er fyrir þessar vörur, fari ekki yfir + 8 gráður C.
- 7) Ákvæði þessarar greinar skerða þó ekki þær undanþágur til torgsölu o. fl., sem veittar eru annars staðar í samþykkt þessari eða í lögreglusamþykkt.

## 2. gr.

Töluröð eftirfarandi greina breytist þannig, að 81. gr. verður 82. gr., 82. gr. verður 83. gr. o. s. frv.

## 3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, er bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, staðfestist hér með eftir tillögum landlæknis og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. maí 1965.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

## SAMÞYKKT

### um sýsluvegasjóð í Austur-Barðastrandarsýslu.

## 1. gr.

Í Austur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

## 2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

#### Geiradalshreppur:

1. Bakkavegur, af Tröllatunguvegi við Litlu-Brekku að Bakka.
2. Gautsdalsvegur, af Vesturlandsvegi á Oddamel að Gautsdal.
3. Klettsvegur, af Vesturlandsvegi að Kletti.